



September / 2020

isländisch

Fyrirgefðu! Ekki sjö sinnum heldur sjötíu sinnum sjö!

(sbr. Mt 18,21)

Kontakt: Meinolf Wacker
Kirchplatz 7
59174 Kamen

Mobil.: +49-172-5638432
Mail: meinolf.wacker@go4peace.eu
Homepage www.go4peace.eu

Byrjaðu aftur! Pick it up!

Kæru vinir orðsins!

hitamælirinn sýndi vel yfir 40°. Í lítilli alþjóðlegri hljómsveit var verið að undirbúa tónlist fyrir lokatónleika. Tónlistarhæfileikar hljóðfæraleikaranna voru mjög mismunandi, áreiðanleiki og stundvísi var einnig með ýmsu móti. Það var mikil áskorun fyrir mjög framsækinn stjórnanda sveitarinnar. Um kvöldið sagði hann: „Á tímabili í dag var ég svo örmagna og vonsvikinn að ég fór að gráta. Allan daginn lifði ég samkvæmt kjörorðinu ‘Byrjaðu aftur’. Eitt lagið var ekki æft nógu vel. – Start again! Hljómsveitarmeðlimur kom of seinn á æfingu. Og við höfðum þegar æft fyrstu lögin. – Start again! - Nótastandur datt niður og truflaði æfinguna. – Start again! Og núna þegar mér finnst ég hafa gefið allt og veit ekki hvort tónleikarnir muni heppnast? – Start again!“

Ekki festast í vonbrigðum og dómum, meiðslum eða mistökum annarra. Það er allt annað en auðvelt! Þetta er erfið íþrótt fyrir sálina. Hvernig hafa málin þróast hjá Pétri? Sem lærisveinn vann hann í teymi með Andrésí bróður sínum, með Jakobi og Jóhannesi. Tveir þeir síðarnefndu höfðu fengið gælunafn – „þrumusynir“ voru þeir kallaðir. Hvernig það gæti hafa verið þegar unnið var við bátana á Galíleuvatni, geta allir ímyndað sér. Mörg hörð og særandi orð munu hafa fallið. Einhvern tíma virðist Pétur hafa fengið nóg og því spurði hann Jesú: „Hversu oft á ég að fyrirgefa bróður mínum? Sjö sinnum?“ Það væri nú nokkuð mikið! Og svo heyrir hann svar Jesú: „Ekki sjö sinnum, heldur sjötíu sinnum sjö!“ Svo að fyrirgefningin er „never-ending-story“ hjá Jesú! Fyrir hann gildir eftirfarandi: Aldrei að hætta að fyrirgefa! – Don't stop forgiving!

Sá sem lifir svona, á hverjum degi á ný, eru raunverulegur friðarboði. Hann gefur friðinum alltaf tækifæri! Höfum kjark til að hætta aldrei að byrja upp á nýtt: **Byrjaðu aftur! Start again!**

fyrir go4peace Team

Meinolf Wacker